

Frá ritstjóra

Á sjötta tug erinda voru flutt á ráðstefnunni Hjúkrun 2017, ráðstefnu Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, sem haldin var 28. til 29. september undir yfirskriftinni Fram í sviðsljósið. Mikil þátttaka endurspeglar fjölbreytt svið hjúkrunar og mikla grósku í fræðunum en ríflega hundrað erindi bárust, bæði í formi fyrirlestra, veggspjalda og sem vinnusmiðjur. Af því tilefni var ákveðið að gefa út rafræna sérútgáfu Tímarits hjúkrunarfræðinga. Höfundum samþykktara erinda og veggspjalda á ráðstefnunni var boðið að senda inn fræðslugrein um það efni sem þeir hygðust kynna og birtist afraksturinn í þessu blaði.

Markmiðið með þessari útgáfu er að miðla niðurstöðum úr rannsóknum og öðru fræðsluefni til hjúkrunarfræðinga. Þrátt fyrir að ráðstefnan hafi verið mjög vel sótt þá voru fjölmörg erindi haldin samhliða og því ómögulegt fyrir þátttakendur að hlýða á öll erindin sem í boði voru, auk þess að fjöldi hjúkrunarfræðinga sá sér ekki kost á að taka þátt. Í könnunum félagsins hefur greinilega komið fram að mikil eftirspurn er eftir fræðsluefni í hjúkrun í Tímariti hjúkrunarfræðinga. Það var því ánægjulegt að fjöldi höfunda ágripa sýndi fyrirhugaðri útgáfu áhuga þrátt fyrir að þeir hinir sömu hefðu ekki allir tök á að senda inn grein fyrir útgáfu. Alls bárust sex fræðslugreinar sem birtast í þessari rafrænu sérútgáfu og eiga þær vonandi eftir fræða og upplýsa áhugasama lesendur. Greinarnar voru yfirfarnar af ritnefnd fræðslugreina Tímarits hjúkrunarfræðinga fyrir birtingu.

Efni greinanna er fjölbreytt. Anna Guðríður Gunnarsdóttir fjallar um þverfaglega geðheilbrigðisþjónustu fyrir verðandi og nýbakaðar mæður og fjölskyldur þeirra og innleiðingu þjónustunnar á Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Í grein Helgu Guðrúnar Erlingsdóttur er fjallað um lífsgæði og vellíðan íbúa á Eden-hjúkrunarheimili og notkun vellíðanarlykla. Anna Soffía Guðmundsdóttir veltir upp spurningunni hvort sjúklingar með skorpulifur þurfi á hjúkrunarfræðingum að halda, og grein Kristínar Láru Ólafsdóttur fjallar um að virkja sjúklinga til að ræða um framtíðina og meðferðarmarkmið. Lyfjamistök og starfsumhverfi er yfirskrift greinar eftir þær Guðrúnu Yrsu Ómarsdóttur, Sigrúnu Gunnarsdóttur og Þorbjörgu Jónsdóttur. Þá fjallar Helga Jónsdóttir og fleiri höfundar um hagnýtingu niðurstaðna um eflingu heilbrigðis og sjálfsmönunnar hjá fólki með væga og miðlungsalvarlega langvinna lungnateppu.

Forsíðumyndina tók Rudolf R. Adolfsson geðhjúkrunarfræðingur. Myndina kallar hann: Á leið í Skaftafell. Allrar veraldar vegur vikur að sama punkti.

Efnisyfirlit

- 3 Þverfagleg geðheilbrigðisþjónusta fyrir verðandi eða nýorðnar mæður og fjölskyldur þeirra: Innleiðing á Heilbrigðisstofnun Suðurlands
Anna Guðríður Gunnarsdóttir
- 10 Lífsgæði og vellíðan íbúa á Eden-hjúkrunarheimili: Notkun vellíðanarlykla
Helga Guðrún Erlingsdóttir
- 17 Lyfjamistök og starfsumhverfi hjúkrunarfræðinga
Guðrún Yrsa Ómarsdóttir, Sigrún Gunnarsdóttir og Þorbjörg Jónsdóttir
- 26 Hagnýting niðurstaðna: Efling heilbrigðis og sjálfsmönunnar hjá fólki með væga og miðlungsalvarlega langvinna lungnateppu
Helga Jónsdóttir, Alda Gunnarsdóttir, Bryndís Stefania Halldórsdóttir, Gunnar Guðmundsson, Ingibjörg Katrín Stefánsdóttir, Jón Steinar Jónsson, Ólöf Ragna Ámundadóttir, Rósa Jónsdóttir og Þorbjörg Sóley Ingadóttir
- 32 Þurfa sjúklingar með skorpulifur á hjúkrunarfræðingum að halda?
Anna Soffía Guðmundsdóttir
- 35 Virkjum sjúklinga til að ræða um framtíðina og meðferðarmarkmið
Kristín Láru Ólafsdóttir